

Alþingi
Erindi nr. P 127/1303
komudagur 15.3.2002



YFIRDÝRALÆKNIR

Sölvhólgata 7, 150 Reykjavík
Sími: 560 9750, bréfasími: 552 1160
grænt númer 800 6800
kt 660169-5399

Alþingi
Einar Farestveit, nefndaritari
150

Reykjavík, 15. mars 2002
Tilvísun: YDL02030009/110
HR/--

Varðar umsögn um frumvarp til laga um eldi og heilbrigði sláturdýra, 505. mál.

Beðist er velvirðingar á þeim drætti sem orðið er á þessu svári.

Yfirdýralæknir hefur þegar komið á fund nefndarinnar og komið á framfæri áhersluatriðum sínum varðandi frumvarp þetta. Á þeim fundi var óskað eftir frekari upplýsingum um mál þetta og er það í vinnslu hjá embættinu og verður sent nefndinni eins fljótt og unnt er.

Yfirdýralæknir vill ítreka nauðsyn þess að gjald þetta fái hækkað í umbeðna tölu, til þess að ákvæði 2. mgr. 11. greinar laga nr. 96/1997 nái fram að ganga en þar segir að eftirlitsgjaldið skuli miðast við raunkostnað. Staðan í dag er sú að kostnaður embættisins vegna reksturs sjóðsins er áætlaður a.m.k. 10. m. á ársgrundvelli umfram það sem inn kemur í sjóðinn. Þessi halli kemur beint niður á rekstri embættisins og er óásættanlegur. Allt svigrúm til að draga úr kostnaði er mjög þröngt. Sé t.d. dregið úr eftirliti dýralækna eða dregið úr töku og rannsóknum sýna - þá getur það orðið til þess að mengað kjöt fari á markaðinn -öryggi neytenda er stefnt í stórhættu og matarsýkingar sem af gætu hlotist kosta þjóðfélagið stórar fjárhæðir. Fjármunum í fyrirbyggjandi aðgerðir eins og þetta eftirlit er, er mjög vel varið til að koma í veg fyrir matarsýkingar. Sé dregið úr sýnatökum og rannsóknum vegna aðskotaefna, sem er bæði krafa okkar neytenda og krafa viðskiptalanda okkar vegna útflutnings á kjöti - þá stöðvast sá útflutningur.

Eina athugasemdin sem gerð er, er við 2. gr. frumvarpsins.

Gerð er krafa um að lögin taki þegar gildi við samþykkt þess á Alþingi. Það er í alla staði óeðlilegt að rekstur embætti yfirdýralæknis sé látinn líða sökum þess að ekki er innheimt gjald vegna slátrunar sem nemur raunkostnaði. Hver dagur sem líður án þess að raungjald sé innheimt, leiðir til aukins hallareksturs á þessu ári og því er nauðsynlegt að fá þessa hækkun fram sem allra fyrst.

Virðingarfyllst,

Halldór Runólfsson
yfirdýralæknir

Afrit: Landbúnaðarráðuneytið